



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins - Umferðaröryggi gangandi vegfarenda og skólabarna í Hamrahverfi í Grafarvogi (US190022).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs var eftirfarandi tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vísað til umsagnar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

Óska eftir því að umferðaröryggi gangandi vegfarenda og skólabarna í Hamrahverfi í Grafarvogi verði skoðað. Ekkert svæði með 30 km hámarkshraða er að finna við Hamraskóla, líkt að við marga aðra skóla. Í hverfinu er að finna fjórar þrengingar við Lokinhamra. Mismunandi útfærslur eru á þessum þrengingum og er allur gangur á því hvernig þær eru merktar og hvernig lýsingu er háttáð. Óskað er eftir því að lýsing verði bætt og merkingar verði samræmdar. Eins verði skoðað hvort að hámarkshraði við Hamraskóla verði 30 km.

Umrætt svæði var tekið til sérstakrar skoðunar við gerð tillagna um umferðaröryggisaðgerðir fyrir árið 2020. Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí sl., var samþykkt tillaga skrifstofunnar um að hámarkshraði á Lokinhömrum væri lækkaður í 30 kílómetra á klukkustund.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri